

50. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , 07.05 2013, kl. 13.30

Mættir til fundar, aðalmennirnir Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, og Lárus Heiðarsson. Anna Jóna Árnarsdóttir mætti kl 13.55. Þorvarður Ingimarsson tafðist , en mætti kl. 16.15. Einnig er mættur í upphafi fundar Sigurður Álfgeir Sigurðarson, endurskoðandi.

Oddviti setti fund kl. 13.35 og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2012, fyrri umræða**
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Verkefna-og rannsóknarsjóður Landsbankans og Fljótsdalshrepps, endurnýja eða framlengja samning**
Stjórnarfundur 06.05
4. **Ósk um greiðslupáttöku Fljótsdalshrepps vegna skólagöngu barna úr Fljótsdal í öðru sveitarfélagi.**
5. **Fjallaskarðsskáli**
Verkfundur 08.04
6. **Bréf**
 - a) Sláturfélag Austurlands dags.30.04
 - b) Menningarráð Austurlands dags. 29.04
 - c) Fljótsdalshérað dags. 23.04
 - d) Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið dags. 18.04
 - e) Skipulagsstofnun dags. 08.04
7. **Umhverfisstyrkir**
 - a) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum
 - b) Jóhann og Sigrún, Brekkugerði
8. **Fjárbeiðnir**
 - a) Skólahreysti
 - b) Skógardagurinn mikli
9. **Fundargerðir**
 - a) Brunavarnir á Austurlandi 24.04
 - b) Samtök orkusveitarfélaga 22.03

10. Önnur mál

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2012, fyrri umræða**

Sigurður Álfgeir fór yfir ársreikning Fljótsdalshrepps fyrir árið 2012. Sigurður kynnti að áform um að ljúka flutningi eigna (Laugarfellsskála og Gistihúsa) yfir í Laugargarð ehf, á árinu 2012 hefðu ekki gengið eftir, þar sem ekki reyndist hægt að staðfesta verðmat eigna og því ekki hægt að flytja eignir yfir á bókfærðu verði og fá í staðinn hlutafé, eins og áform voru um. Sveitarstjórn er sammála um að áfram verði unnið að flutningi eignanna á yfirstandandi ári . Sveitarstjórn samþykkir að fella niður samning um yfirfærslu eignanna sem ritað var undir á

fundi sveitarstjórnar 04.12 2012, þar sem fyrir liggur að yfirfærslan verður ekki með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir.

Eftir ítarlegar umræður um ársreikninginn var Sigurði Álfgeiri þökkuð koman og yfirgaf hann fund kl. 15.30

Samþykkt að vísa ársreikningi Fljótsdalshrepps fyrir árið 2012 til annarrar umræðu.

2. Skýrsla oddvita

Vinnufundur um Hengifossvæðið var haldinn 30. apríl sl. Fundurinn er hluti af verkefni um Hengifoss, sem mikilvægan áfangastað fyrir ferðamenn og til undirbúnings að gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætlunar til næstu ára. Fundarboð fengu ýmsir opinberir aðilar, íbúar og áhugasamtök. Mæting var fremur dræm, en góðar umræður sköpuðust sem skila ábendingum inn í verkefnisvinnuna.

Æskulýðsdeild Hestamannafélagsins Freyfaxa þakkar Fljótsdalshreppi veitt framlög til styrktar starfsemi æskulýðsdeildarinnar.

Oddviti átti fund með fulltrúum Landsnets í Végarði 10. apríl. Fundað var um athugasemdir og ábendingar Fljótsdalshrepps, við tillögu að matsáætlun Kröflulínu 3.

Vinnuálastofnun vekur athygli sveitarfélaga á átaksverkefni til að fjölga tímabundið störfum fyrir námsmenn, líkt og gert hefur verið sl. þrjú sumur.

Óbyggðasafnið og Highland hostel fengu úthlutað styrk frá Ferðamálastofu, til gerðar gönguleiðar beggja megin Jökulsár, á milli Egilsstaða og Laugarfells og endurgerðar á kláfi við Kleif.

Oddviti var viðstödd undirritun samnings Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Gunnarsstofnunar, á Skriðuklaustri 16. apríl um Menningarsjóð Stofnunar Gunnars Gunnarssonar. Stofnframlag sjóðsins frá ríkinu samsvarar fallbótum sem Landsvirkjun greiddi íslenska ríkinu fyrir vatnsréttindi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal, vegna lands Brattagerðis.

Í ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldi var á Egilsstöðum 20.-22. mars, eru sveitarfélög hvött til að leita meira til ungmenna og taka tillit til þeirra skoðana á málefnum samfélagsins, einkum þau sem varða ungmennin sjálf.

Í fréttatilkynningum hefur komið fram að Eyjabakkasvæðið hefur verið staðfest sem eitt af þremur nýjum RAMSAR svæðum á Íslandi.

Ný lóð hefur verið stofnuð á Egilsstöðum fyrir Óbyggðasafnið.

Nýr samningur um Minjasafn Austurlands hefur verið undirritaður.

Landsvirkjun hefur sent vöktunarskýrsluna LV-2013-047 Heiðargæsaathuganir á Snæfellsöræfum 2012.

Oddviti sat fyrir hönd Fljótsdalshrepps aðalfund Húsfélags Miðvangs 6, 10. apríl sl.

Sveitarstjórar á svæði SSA hafa með sér samstarf og hittast á fundum 1-2 á ári, fundað er til skiptis í sveitarfélögum og rætt um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Oddviti sat slíkan fund á Seyðisfirði 5. apríl.

3. Verkefna- og rannsóknarsjóður Landsbankans og Fljótsdalshrepps, *endurnýja eða framlengja samning*

Sveitarstjórn er sammála um að starfrækja samstarfssamninginn áfram og felur oddvita að skrifa undir nýjan samning.

Í fundargerð sjóðsstjórnar frá 06.05 kemur fram að úthlutaðir styrkir 2013, eru til Jóns Benjamínssonar jarðfræðings, sem fékk úthlutað aðalstyrk til efnagreiningar á vatni úr volgrum í Fljótsdal og Agli Gunnarssyni var úthlutaður verkefnastyrkur, fyrir verkefni um ræktun byggs, sem hluta af mastersgráðunámi.

4. Ósk um greiðsluþátttöku Fljótsdalshrepps vegna skólagöngu barna úr Fljótsdal í öðru sveitarfélagi.

Samþykkt vanhæfi Þorvarðar vegna dagskrárliðarins og vék hann af fundi.

Beiðni frá Þorvarði Ingimarssyni og Sólveigu Ólafsdóttur, um að Fljótsdalshreppur greiði fyrir grunnskólagöngu barna þeirra, Eydísar, Hjálmars Óla og Arnar Óla, skólaárið 2013-14 í skólum Fljótsdalshéraðs. Sótt hefur verið um skólavist fyrir Hjálmar og Arnar í Fellaskóla og Eydís í Egilsstaðaskóla. Vísað er til grunnskólalaga, varðandi ástæður flutnings.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina um greiðsluþátttöku, en vonar jafnframt að ekki þurfi að koma til flutninga barnanna úr Hallormsstaðaskóla. Samkvæmt viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga gæti kostnaður verið nálægt tveimur milljónum, auk kostnaðar ef kemur til sértæks stuðnings inn í skólunum.

Þorvarður kom aftur til fundar.

Ljóst er að börnum fækkar í Hallormsstaðaskóla næsta vetur og ekki fyrirséð hvort það kallar á breytingar á skólastarfinu. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs eiga viðræðufund í Hallormsstaðarskóla á morgun (8.5, kl 15:15) um málefni skólans.

5. Fjallaskarðsskáli

Verkfundur 08.04. Fundargerð kynnt. Skálinn hefur verið reistur á athafnasvæði verktaka (í 2 einingum), lokið einangrun útveggja/ þaks og rakasperru og gengið frá gluggum og hurðum. Verktaki óskaði eftir tilboðum í raflagnir og átti Rafey lægsta tilboð.

6. Bréf

- a) Sláturfélag Austurlands dags.30.04. Sláturfélag Austurlands undirbýr opnun nýrrar verslunar með ferskar fisk-og kjötvörur á Egilsstöðum og leitar eftir fjármagni í verkefnið, sem verði endurgreitt með stofn- eða hlutabréfum, eða á annan hátt samkvæmt samkomulagi. Óskað er eftir að Fljótsdalshreppur veiti 2 milljón króna framlag. Samþykkt framlag að upphæð 500.000 kr. og óskað að það verði endurgreitt með stofnbrefum. Fyrir á Fljótsdalshreppur stofnbref að andvirði 400.000,- kr í Sláturfélagi Austurlands.

Anna Jóna yfirgaf fundinn vegna anna í sauðburði kl. 17:05.

- b) Menningarráð Austurlands dags. 29.04. Boðun ársfundar og ósk um tilnefningu fulltrúa sveitarfélagsins á ársfund Menningarráðs Austurlands sem haldinn verður á Egilsstöðum 14. maí. Magnhildur tillnefnd sem aðalmaður og oddviti til vara.
- c) Fljótsdalshérað dags. 23.04. Varðar afmörkur Ranaskógar og Gilsárgils í náttúruminjaskrá. Kynnt.
- d) Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið dags. 18.04. Kynnt. Varðar umsókn Fljótsdalshrepps í Framkvæmdasjóð ferðamannaáða, umsókninni er hafnað.

- e) Skipulagsstofnun dags. 08.04. Kynnt. Varðar skipulagsskilmála varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.

7. Umhverfisstyrkir

Samþykkt vanhæfi Lárusar við afgreiðslu næsta liðar og vék hann af fundi.

- a) Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar.

Samþykkt vanhæfi Jóhanns við afgreiðslu næsta liðar og vék hann af fundi.

- b) Jóhann og Sigrún, Brekkugerði. Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom aftur til fundar

8. Fjárbeiðnir

- a) Skólahreysti. Óskað er eftir 50.000 kr styrk. Hafnað.
- b) Skógardagurinn mikli. Óskað er eftir styrk vegna skógardagsins mikla 2013. Samþykkt 70.000 kr framlag, sem er það sama og á síðasta ári.

9. Fundargerðir

- a) Brunavarnir á Austurlandi 24.04. Kynnt.
- b) Samtök orkusveitarfélaga 22.03. Kynnt.

10. Önnur mál

- a) Forsætisráðuneytið boðar til fundar um málefni þjóðlendna 15. maí nk kl. 9:00 í húsakynnum sveitarfélagsins Fljótsdalshéraðs. Meðfylgjandi bréfinu eru drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna og drög að starfsreglum um málefni þjóðlendna. Kynnt.
- b) Samþykkt að ráða Jósef Valgarð, sem verkstjóra unglíngavinnu í sumar.

Þorvarður yfirgaf fundinn kl. 17:45

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:50.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)